



Keldum, 19. apríl 2005

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
bt Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur  
Alþingi  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/1476*  
*komudagur 22.4.2005*

## UMSÖGN

### Málefni: Frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun; 700. mál

Vísað er til erindis landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 13. apríl sl., þar sem óskað er eftir athugasemdum dýralækna er starfa á Keldum vegna stjórnarfrumvarps hæstvirts landbúnaðarráðherra um nýja Landbúnaðarstofnun.

Undirritaður lýsir yfir stuðningi við megin tilgang ofangreinds frumvarps, þ.e. að sameina undirstofnanir á sviði eftirlits og stjórnsýslu innan landbúnaðargeirans í þeirri viðleitni að ná fram hagræðingu og betri faglegri samhæfingu við eftirlit og þjónustu. Í fljótu bragði eru það einkum þrjú atriði sem ég vil leggja til málanna á þessu stigi:

1. Við yfirlestur frumvarpsins er svo að skilja að starfsheitið „yfir dýralæknir“ hverfi úr stjórnsýslunni og þess í stað komi heitið „Landbúnaðarstofnun“. Ég tel að ígrunda verði vel það skref að þessi opinberi embættistitill (í enskri útgáfu „Chief Veterinary Officer“) hverfi úr okkar löggjöf. Í núgildandi evrópulöggjöf er þetta embætti óumdeilt þegar kemur að opinberri vottun um eftirlit með lifandi dýrum og afurðum þeirra. Þessu má hagræða á tvennan hátt. Annars vegar má hugsa sér að forstjóri Landbúnaðarstofnunar sé jafnframt hinn óumdeildi yfir dýralæknir í erlendum samskiptum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að forstjóri sé dýralæknir og er það vel, en hnykkja verður betur á því að þetta embætti fari jafnframt með skyldur yfir dýralækni. Hins vegar væri hægt að hugsa sér að skrifstofustjóri þeirrar deildar sem hefur með dýr og dýraafurðir að gera innan Landbúnaðarstofnunar sé titlaður yfir dýralæknir og taki yfir þær skyldur sem núverandi yfir dýralæknir gegnir.

2. Í 3. gr. frumvarpsins er gerð sú krafa að forstjóri sé menntaður dýralæknir en jafnframt með æðri prófgráðu á því sviði. Að mínu viti er dýralæknismenntun æðri prófgráða almennt séð og ég fæ ekki skilið hvað enn æðra og sérhæfðara viðbótarnám (s.s. sérfræðinám í fisksjúkdómum, faraldsfræði, meinafræði eða frjósemi dýra svo dæmi séu tekin) styrki viðkomandi forstjóra við að stýra slíkri stofnun. Þessu ber að breyta að mínu mati og gefa þar með ráðherra meiri sveigjanleika til að meta reynslu og aðra góða hæfileika við ráðningu forstjóra.

3. Í 5. gr. frumvarpsins gætir mögulega misskilnings hvað stöðu dýralækni fisksjúkdóma (d.f.) varðar. Eins og fram kemur í 5. mg. meðfylgjandi minnisblaðs frá Sigríði Norðmann, fyrrv. lögfræðingi landbúnaðarráðuneytisins, breyttist staða d.f. með tilkomu nýrra laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr í samræmi við aðra sérgreinadýralækna hjá embætti yfir dýralækni. D.f. var embættismaður og tók laun skv. ákvörðun kjaranefndar (líkt og héraðsdýralæknar) á árunum 1996 og þar til áður nefnd lög nr. 66/1998 tóku gildi en síðan hefur d.f. verið ráðinn af yfir dýralækni skv. ákv. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og laun ákvarðast af kjarasamningi Dýralæknafélags Íslands við fjármálaráðherra. Þetta þarf að skoða nánar.

Aðrar efnislegar athugasemdir hef ég ekki fram að færa að svo komnu máli.

Virðingarfyllst;

  
Gísli Jónsson  


## MINNISBLAÐ

### Ráðningar sérgreinadýralækna skv. lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Sérgreinadýralæknar skv. 14. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr starfa undir stjórn yfirdýralæknis sem setur þeim erindisbréf. Samkvæmt því teljast þeir starfsmenn embættis yfirdýralæknis og skulu ráðnir með ráðningarsamningi, sbr. 16. gr. laga nr. 66/1998.

Hjá embætti yfirdýralæknis starfa nú þegar sérgreinadýralæknar í flestum þeim greinum sem taldar eru upp í 14. gr. laga nr. 66/1998. Þeir starfa ýmist skv. tímabundnum eða ótímabundnum ráðningarsamningum. Stöður sérgreinadýralækna (að undanskilinni stöðu dýralæknis fisksjúkdóma) hafa hins vegar aldrei haft lagastoð fyrr en nú með 14. gr. laga nr. 66/1998.

Ég tel að ekki þurfi að segja upp störfum þeim sérgreinadýralæknum sem starfa nú þegar samkvæmt ótímabundnum ráðningarsamningum hjá embætti yfirdýralæknis og að óþarfi sé að auglýsa stöður þeirra enda þótt þær hafi nú fengið lagastoð í 14. gr. laga nr. 66/1998. Þetta má rökstyðja með því að stöðugildi þessara sérgreinadýralækna urðu til fyrir gildistöku laga nr. 66/1998, væntanlega á grundvelli heimildar frá fjármálaráðuneytinu. Þessir sérgreinadýralæknar eru eins og áður segir starfsmenn embættis yfirdýralæknis en í lögum nr. 66/1998 er hvergi fjallað um að það embætti (sú ríkisstofnun) skuli lagt niður. Í því felst að einstök störf innan embættis yfirdýralæknis verða heldur ekki lögð niður á grundvelli laga nr. 66/1998.

Ef sérgreinadýralæknar starfa nú samkvæmt tímabundnum ráðningarsamningum er rétt að þeir starfi út þann tíma sem kveðið er á um í ráðningarsamningum þeirra. Þegar þeim tíma lýkur er skylt að auglýsa störfin laus til umsóknar, a.m.k. ef ætlunin er að ráða í þau samkvæmt ótímabundnum ráðningarsamningum og er það einnig skylt að gera ef ætlunin er að ráða í tímabundin störf lengur en tvo mánuði, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 og 2. gr. reglugerðar nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum.

Starf dýralæknis fisksjúkdóma hafði lagastoð í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 77/1981 um dýralækna, sbr. lög nr. 61/1985 um breytingu á þeim lögum og hefur enn lagastoð í 14. gr. laga nr. 66/1998. Hann starfar undir stjórn yfirdýralæknis eftir sem áður, sbr. fyrrgreind ákvæði. Einu breytingarnar sem verða á starfi dýralæknis fisksjúkdóma eru þær að hann taldist embættismaður fyrir gildistöku laga nr. 66/1998 og tók laun skv. ákvörðun kjaranefndar, sbr. 22. gr. laga nr. 70/1996 og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd. Samkvæmt lögum nr. 66/1998 er ekki gert ráð fyrir að dýralæknir fisksjúkdóma sé embættismaður heldur miðað við að hann verði ráðinn af yfirdýralækni með ráðningarsamningi samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og að hann taki laun samkvæmt ákvæðum kjarasamnings Dýralæknafélags Íslands við fjármálaráðherra. Ég tel að samkvæmt framansögðu þurfi ekki að leggja niður stöðu dýralæknis fisksjúkdóma. Einnig má gera ráð fyrir að hann haldi skipun sinni í stöðu samkvæmt 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 70/1996 og að ekki þurfi að gera við hann ráðningarsamning þrátt fyrir framangreind ákvæði. Hann telst hins vegar ekki embættismaður eftir gildistöku laga nr. 66/1998 og tekur ekki lengur laun samkvæmt ákvörðun

kjaranefndar heldur munu laun hans ákvarðast samkvæmt kjarasamningi Dýralæknafélags Íslands við fjármálaráðherra. Hafi þær breytingar í för með sér skerðingu á launakjörum dýralæknis fisksjúkdóma kann það eitt og sér að leiða til þess að leggja beri stöðu hans niður. Um það liggja ekki fyrir upplýsingar á þessu stigi málsins og þarf að skoða það nánar. Þegar núverandi dýralæknir fisksjúkdóma lætur af starfi sínu ber að ráða nýjan dýralækni fisksjúkdóma með ráðningarsamningi í samræmi við framangreind ákvæði laga nr. 66/1998 og mun hann taka laun samkvæmt kjarasamningi Dýralæknafélags Íslands við fjármálaráðherra. Til stuðnings þessari niðurstöðu má benda á hliðstæðu í nýlegri löggjöf. Prófessorar við Háskóla Íslands voru skipaðir af forseta Íslands og töldust embættismenn fyrir gildistöku laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og laga nr. 83/1997 um breytingar á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í 22. gr. laga nr. 70/1996 er ekki gert ráð fyrir að þeir séu embættismenn eftir gildistöku þeirra laga og með lögum nr. 83/1997 sem m.a. breyttu þágildandi lögum nr. 131/1990 um Háskóla Íslands er gert ráð fyrir að þeir séu ráðnir með ráðningarsamningi. Einnig var starfsheiti þeirra breytt úr prófessorsembætti í prófessorsstarf með lögum nr. 83/1997. Engar stöður prófessora voru lagðar niður þegar þessar breytingar voru gerðar á réttarstöðu þeirra. Allir prófessorar sem hlotið höfðu forsetaskipun fyrir gildistöku laganna héldu skipun sinni og voru ekki gerðir ráðningrasamningar við þá. Einungis nýir prófessorar sem ráðnir hafa verið eftir gildistöku laga nr. 70/1996 og 83/1997 hafa verið ráðnir með ráðningarsamningum. Allir prófessorar taka hins vegar laun skv. ákvörðun Kjaranefndar samkvæmt sérstöku ákvæði þess efnis í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd, sbr. 6. gr. laga nr. 150/1996.